APRÍL 2021

# MINNISBÓK AÐALRÁÐSTEFNU





**LEIÐBEINANDI ÞINN TIL AÐ HLJÓTA PERSÓNULEGA OPINBERUN, ER ÞÚ TEKUR ÞÁTT Í AÐALRÁÐSTEFNU**

# Innblástur **BYRJAR HÉR.**

Aðalráðstefna er fullkomið tækifæri fyrir Drottin til að tala beint til ykkar. Þegar þjónar Drottins tala, mun heilagur andi vitna um Jesú Krist (sjá Jóhannes 15:26) og kenna ykkur „að fullu, hvað [ykkur] ber að gjöra“ (2. Nefí 32:3). Hugsið ykkur – þegar þið hlýðið einlæg og í bænarhug á orð ræðumannanna getur Drottinn veitt ykkur persónulega opinberun! Hann mun segja ykkur það sem hann vill að þið vitið og hvað þið þurfið að gera. Skýringarmyndin hér að neðan sýnir hvernig þetta getur gengið:

### HEFJIÐ UNDIRBÚNING NÚNA OG #HLÝÐÞÚÁHANN.

- Biðjið þess að fá innblástur heilags anda.
- Skrifið niður hvaða spurningar sem þið gætuð haft.
- Gerið áætlun um að hlusta á eða lesa eins mikið af aðalráðstefnu og þið getið.



**HLUSTIÐ EFTIR „RÖDD DROTTINS“ ÞEGAR ÞIÐ HLÝÐIÐ Á HVERN RÆÐUMANN** (sjá Kenning og sáttmálar 68:3–4).

**HEILAGUR ANDI MUN TALA Í HJARTA YKKAR OG HUGA** (sjá Kenning og sáttmálar 8:2–3).

**SKRIFIÐ NIÐUR HUGHRIF SEM YKKUR BERAST** (sjá 2. Nefí 29:11).

**FRAMFYLGIÐ ÞVÍ SEM ÞIÐ LÆRIÐ OG SKYNJIÐ** (sjá Jóhannes 7:17;1. Nefí 3:7).

# Laugardags-
# MORGUNN

Drottinn hefur blásið hverjum ræðumanni ákveðinn boðskap í brjóst, sem hann vill að þeir miðli. Hann vill líka senda ykkur sérsniðin skilaboð með heilögum anda. Hlustið eftir hvorutveggja þegar þið takið þátt í aðalráðstefnu.

**HVAÐ LÆRÐI ÉG UM JESÚ KRIST Í DAG?**

Hvernig líður mér þegar Drottinn reynir að kenna mér?

**TILGANGUR ÞESSARAR RÁÐSTEFNU OG ALLRA ANNARRA, ER AÐ GERA YKKUR KLEIFT AÐ HLÝÐA Á HANN.**

Russell M. Nelson forseti [1]

Hvaða boðskapur fannst mér skera sig úr? Hvers vegna?



Hvað mun ég gera núna?

# Laugardags-
# SÍÐDEGI

Þegar þið skráið þau hughrif sem berast ykkur á aðalráðstefnu, þá sýnið þið Drottni þrá ykkar til að taka við kennslu hans. Þegar þið framfylgið því sem hann kennir ykkur, þá verðið þið líkari honum.

**HVAÐ FINNST MÉR ÉG ÞURFA TIL AÐ KOMAST NÆR FRELSARANUM?**

# Laugardags-**KVÖLD**

Biðjið þess að heilagur andi kenni ykkur þegar þið takið þátt í aðalráðstefnu. Hann mun veita ykkur innsýn sem er ætluð ykkur sérstaklega. Skráið þessi hughrif og gerið áætlun um að framfylgja þeim.

**HVAÐ VAR MÉR BOÐIÐ AÐ GERA, SEM MUN HJÁLPA MÉR AÐ VERÐA LÍKARI JESÚ KRISTI?**



**„ÞAÐ SEM ER *SAGT* ER EKKI JAFN MIKILVÆGT OG ÞAÐ SEM VIÐ *HEYRUM* OG *SKYNJUM*."**

Öldungur Robert D. Hales [2]

# Sunnudags-MORGUNN

Þegar þið hlustið eða lesið boðskap aðalráðstefnu, skráið þá andleg hughrif sem ykkur berast. Hvaða sannindi eru kennd? Hvað er ykkur mikilvægast?

**Á HVAÐA HÁTT SKYNJAÐI ÉG ELSKU FRELSARANS Í ÞESSUM HLUTA?**







**„ANDLEGA AUÐKENNANDI STUNDIR KOMA ER VIÐ, MEÐ BÆN Í HJARTA, HLUSTUM Á AÐALRÁÐSTEFNU OG HLÝÐUM BOÐORÐUNUM BETUR.“**

Öldungur Neil L. Andersen [3]

# Sunnudags-SÍÐDEGI

Það er mikilvægt að hlýða á boðskapinn sem hver ræðumaður kennir. Það er jafn mikilvægt að hlusta á boðskapinn sem heilagur andi reynir að kenna ykkur.

## HVAÐ LÆRÐI ÉG UM FRIÐÞÆGINGU JESÚ KRISTS?

„ÞAU SEM TALA TIL OKKAR HAFA LEITAÐ HJÁLPAR OG LEIÐSAGNAR HIMINS, ER ÞAU HAFA UNDIRBÚIÐ BOÐSKAP SINN. . . . ÞAÐ ER BÆN MÍN AÐ VIÐ MEGUM FYLLAST AF ANDA DROTTINS ER VIÐ HLUSTUM OG LÆRUM."

Thomas S. Monson forseti [4]

# SKEMMTISTUND

## Getið þið fundið samstæðuna?

Hér að neðan er röð af samstæðum sem finnast í ritningunum. Notið þessi vers til að hjálpa ykkur að para saman hlutina vinstra og hægra megin.

- Kenning og sáttmálar 20:77, 79
- Alma 32:26–30
- Jóhannes 10:14–15
- 1. Samúelsbók 17:38–40, 46–50
- Markús 6:34–44



## Tangram-áskorun

Tangram er fornt kínverskt púsluspil. Klippið út formin til vinstri og reynið að endurskapa styttuna af Moróní, kertið og dúfuna sem sýnd eru hér. Getur þú skapað eitthvað annað?







## Tengist aðalráðstefnu

Fylgið hverri snúru til að tengja hana við ýmsar leiðir til að taka þátt í aðalráðstefnu.

# HVAÐ NÚ?

Þó að aðalráðstefnan sé búin er reynsla ykkar af því sem þið lærðuð aðeins að hefjast. Hvað gerið þið til að framfylgja því sem þið heyrðuð og skynjuðuð? Ykkur finnst sjálfsagt eins og þið getið unnið að mörgum hlutum, en þið getið ekki gert það allt í einu. Hér eru nokkrar spurningar til að hjálpa ykkur að áætla næstu skref:

**1.** Hvað fannst ykkur þið hvött til að halda áfram að gera, eða breyta í lífi ykkar?

**2.** Hvað af þessu finnst ykkur mikilvægast að framfylgja núna?

**3.** Hvaða markmið getið þið sett eða endurskuldbundið ykkur?

**4.** Hverja getið þið beðið um hjálp?


**HEIMILDIR**

1. Russell M. Nelson, „Upphafsboðskapur,“ (*aðalráðstefna*, apríl 2020).
2. Robert D. Hales, (*aðalráðstefna*, október 2013).
3. Neil L. Andersen, (*aðalráðstefna*, apríl 2020).
4. Thomas S. Monson, „Velkomin á ráðstefnu,“ (*aðalráðstefna*, október 2009).
5. M. Russell Ballard, (*aðalráðstefna*, apríl 2020).

# INNBLÁSTUR FYRIR YKKUR

**„ÞEGAR VIÐ HLUSTUM Á ANDANN . . . YFIR ÞESSA HELGI, HUGLEIÐIÐ ÞÁ HVAÐA FÓRN ÞIÐ HYGGIST FÆRA DROTTNI Í RÉTTLÆTI Á KOMANDI TÍMA. VERIÐ HUGRÖKK – SEGIÐ EINHVERJUM FRÁ SEM ÞIÐ TREYSTIÐ OG, SÍÐAST EN EKKI SÍST, GEFIÐ YKKUR TÍMA TIL AÐ GERA ÞAÐ!“**

M. Russell Ballard forseti [5]

## ÞURFIÐ ÞIÐ FLEIRI EINTÖK?

Hlaðið þessari minnisbók niður og prentið hana á **conference.ChurchofJesusChrist.org**.

© 2021 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.

Leyfi til endurprentunar þessa bæklings er heimiluð til einkanota en ekki í auglýsingaskyni. Þetta felur í sér leyfi deildarleiðtoga til að prenta nokkur eintök fyrir þá sem þeir þjóna vegna köllunar sinnar. Bæklingurinn verður að vera prentaður í heild sinni. Þetta felur ekki í sér leyfi til að setja innlegg á netið, nota efnið í öðrum tilgangi eða dreifa því. Öll önnur notkun á þessu efni krefst leyfis.

**permissions.ChurchofJesusChrist.org**

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU